

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundargerð 48. fundar verkefnahóps BsVest.

Þann 9. apríl 2015 kl:11.00. Fundurinn var haldinn í síma. Mætt voru Sif Huld Albertsdóttir, formaður, Margrét Geirsdóttir, Elsa Reimarsdóttir, María Játvarðardóttir og Aðalsteinn Óskarsson. Formaður kynnti að Guðný Hildur Magnúsdóttir myndi seinka.

1. Bréf frá Vinnumálastofnun

- a. *Fyrirmyndadagurinn er að renna upp.*
- b. *Virkjum hæfileikana.*

Formaður kynnti tvö verkefni sem Vinnumálastofnun er að fara að af stað með og hvetur félagsmálastjóra að fá sveitarfélög til að taka þátt í verkefnunum.

2. **Stjórnarfrumvarp, breyting á lögræðislögum, nr. 71 28. maí 1997, með síðari breytingum (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, svipting lögræðis, lögráðamenn, nauðungarvistanir o.fl.).**
(<http://www.althingi.is/altext/144/s/1161.html>)

Formaður kynnti frumvarp til laga um breytingar á lögræðislögum sem nú er til umræðu á Alþingi.

3. Fyrirspurn frá starfsmanni fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Formaður kynnti efni fyrirspurnar, sem fer í trúnaðarmálabók.

4. Staða erindis stjórnar BsVest til aðildarsveitarfélaga.

Formaður kynnti stöðu máls en öll sveitarfélög sem standa að BsVest hafi samþykkt ályktun stjórnar BsVest frá 23. febrúar s.l.. Málið kom að nýju til umræðu á fundi stjórnar þann 25. mars s.l. og þar var bókað eftirfarandi:

BsVest mun á grundvelli bókana aðildarsveitarfélaga BsVest óska eftir viðræðum við velferðarráðuneytið og innanríkisráðuneytið um fjárhagsstöðu og framtíðarfyrirkomulag málaflokksins á Vestfjörðum. Grundvöllur þeirra viðræðna er að fyrirliggjandi verði;

- a) *upplýsingar um kostnað félagþjónustusvæðanna*
- b) *upplýsingar um hvort og hvenær liggja fyrir endurmat Jöfnunarsjóðs á útgjaldaþörf félagþjónustusvæða m.a. vegna endurmats á SIS mati og breytinga á reglugerðum þar um. Stjórn BsVest leggur því áherslu við fyrirspurnum verkefnastjóra verði svarað og BsVest hafi jafnt við Jöfnunarsjóð allar þær upplýsingar sem þetta mál varðar.*

Rætt um efni máls. Verkefnahópur fagnar samstöðu sveitarfélaga um afstöðu til málsins en bendir jafnframt á að mikilvægt væri að vanda næstu skref þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

5. SIS mat, endurmat og nýgengni.

Formaður kynnti að endurmat á SIS mati hefði borist frá jöfnunarsjóð og hefur verið sent til allra félagsmálastjóra. Einnig beinir verkefnastjóri því til félagsmálastjóra að huga að því að skrá niður nýgengni í SIS mat og endurmat ef einhverjir eru.

6. Annað.

a. *Kostnaðargreining sveitarfélaga.*

Formaður ásamt félagsmálastjórum hafa verið að vinna að kostnaðargreiningu einstaklinga í þjónustu hjá sveitarfélögunum og mun hún liggja fyrir á næsta fundi verkefnahóps.

b. *Ársskýrsla BsVest.*

Formaður minnti á ársskýrslugerð og þau tímamörk sem verkefnahópur setti sér til að vinna skýrsluna.

c. *Endurgreiðsla til BsVest vegna ofgreiðslu á árinu 2014.*

Formaður fór yfir aðalbækur sem sveitarfélög sendu vegna uppgjörs til jöfnunarsjóðs fyrir árið 2014. Verkefnahópur leggur til við stjórn að þau sveitarfélög sem skila rekstrarafgangi á málaflokknum, greiði hann til baka og skiptist sú fjárhæð út aftur til þeirra sveitarfélaga sem skiluðu rekstrartapi á málaflokknum, samkvæmt skiptiprósentu BsVest fyrir árið 2014.

	Samþ.áætlun 2014	Í ársreikning 2014	aðalbók 2014	Mismunur
Félagsþjónusta Ísafjarðarbæjar	kr. 282.983.441	kr. 282.203.858	kr. 292.070.000	- 9.866.142
Félagsþj. Strandabyggðar og Reykhólahrepps	kr. 22.468.420	kr. 22.271.672	kr. 23.758.000	- 1.486.328
Félagsþjónustan við Djúp	kr. 5.523.890	kr. 5.846.641	kr. 3.870.000	1.976.641
Félagsþj. Vestur-Barðastrandasýsla	kr. 7.119.424	kr. 7.057.083	kr. 4.806.000	2.251.083

d. *Endanlegt útsvar sveitarfélagana.*

Formaður kynnti að nú ætti endanlegt útsvar fyrir árið 2014 að liggja fyrir og kallað veður eftir upplýsingum frá sveitarfélögum nú á næstu dögum.

Fleira var ekki rætt
Fundu slitið 12:00

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri
BsVest